

# Vönduð löggjöf

Yfirlit yfir 146. löggjafarþing (2016–2017)

Forsætisráðuneytið – Skrifstofa löggjafarmála

September 2017



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	5
Viðmið og verklag.....	5
Almennt um starfið á 146. löggjafarþingi .....	6
Tölulegar upplýsingar.....	8
Afdrif frumvarpa á þingmálaskrá .....	8
Notkun sniðmáts fyrir stjórnarfrumvörp.....	9
Lagatæknileg atriði við frágang stjórnarfrumvarpa .....	10
Athugasemdir í umsögnum.....	10
Samráð á netinu – á fyrri hluta árs 2017.....	11
Frumvörp lögð fyrir Alþingi.....	11
EES-frumvörp .....	13
Viðburðir, ráðstefnur og erlent samstarf .....	13



## Inngangur

Skrifstofa löggjafarmála í forsætisráðuneyti hefur það hlutverk að stuðla að vandaðri lagasetningu í víðum skilningi, svo sem varðandi málfar og skýrleika, lagatæknileg atriði, samræmi við stjórnarskrá og aðra löggjöf, undirbúning, innleiðingu, framkvæmd og endurmat löggjafar. Í þessum tilgangi eru öll stjórnarfrumvörp lesin yfir, umsagnir gefnar til ríkisstjórnar og upplýsingum og fræðslu miðlað til fagráðuneyta. Lögð hefur verið vaxandi áhersla á reglulegar samantektir um þróun mála á þessu sviði. Með því verður starf skrifstofunnar gagnsærra og nýttist ráðuneytum betur.

Fyrsta yfirlit skrifstofunnar undir yfirskriftinni „Vönduð löggjöf“ var gefið út í febrúar síðastliðnum. Það nær til 145. löggjafarþings (2015–2016) og fjallar að auki um ýmis almenn atriði, þar á meðal forsögu þessa starfs og horfur fram undan. Það yfirlit sem hér birtist er nokkru styttra og tekur fyrst og fremst til 146. löggjafarþings (2016–2017). Vegna alþingiskosninga í október stóð þingið skemur en ella, nánar tiltekið frá 6. til 22. desember 2016 og frá 24. janúar til 1. júní 2017. Færri mál voru því lögð fram en á venjulegu þingi.

Svo sem nánar er rakið hér á eftir voru 53 frumvörp (af 131 sem lagt var fram) afgreidd sem lög frá Alþingi á 146. löggjafarþingi. Flest þeirra voru stjórnarfrumvörp eða 75%. Af þeim voru 13 til að innleiða EES-gerðir, ýmist beint eða með heimild til að innleiða þær með stjórnvaldsfyrirmælum. Enn sem komið er vantar nokkuð upp á að áform ráðuneytanna í formi þingmálaskrár nái fram að ganga. Á 146. löggjafarþingi voru 64% frumvarpa á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar lögð fram og 42% urðu að lögum.

Hér er nú í fyrsta skipti leitast við að flokka þessi frumvörp eftir því hvort um er að ræða heildarlög eða breytingalög, greina megin tilefni þeirra og líta til umfjöllunar á Alþingi. Þá eru í annað skipti settar fram tölulegar upplýsingar um nokkur lykilatriði varðandi undirbúning lagasetningar og gæðastarfið sem skrifstofan sinnir í samvinnu við ráðuneytin. Markmiðið er að hafa sem besta yfirsýn yfir stöðu, þróun og sóknarfæri í þeim efnum.

Loks er gerð grein fyrir ráðstefnum og erlendu samstarfi sem fulltrúar skrifstofunnar hafa tekið þátt í nýverið.

## Viðmið og verklag

Í sáttmála ríkisstjórnarinnar frá janúar 2017 segir m.a. svo:

*Unnið verður að því að byggja upp traust á grunnstoðum samfélagsins, meðal annars Alþingi og dómstólum. Við lagasetningu þarf að gæta þess að fulltrúar ólíkra sjónarmiða hafi rúman tíma til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Viðmót og aðgengi að stjórnsýslu verður bætt, markviss skref stigin til þess að opna bókhald ríkisins og upplýsingaskylda opinberra aðila gagnvart almenningsi efla. Ríkisstjórnin mun í öllum störfum sínum hafa í heiðri góða stjórnarhætti og gagnsæja stjórnsýslu.*

Ríkisstjórnin samþykkti í mars nýjar reglur um undirbúning stjórnarfrumvarpa og stjórnartillagna.<sup>1</sup> Markmiðið er einkum að auka gagnsæi í vinnsluferli frumvarpa, efla samráð milli ráðuneyta og stuðla almennt að vandaðri undirbúningi, sbr. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Breytingarnar endurspeglu einnig þá áherslu sem lögð er á vandað mat á áhrifum fyrirhugaðrar lagasetningar í nýjum lögum um

<sup>1</sup> <https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/frettir2/Samthykkt-rikisstjornar-um-stjornarskjol-10-mars-2017.pdf>

opinber fjármál. Þá hefur verið horft til þess hvaða umbætur önnur ríki innan OECD hafa ráðist í á undanförunum árum á undirbúningi lagasetningar.

Helstu breytingar fela í sér að áður en stjórnarfrumvarp er samið kynni viðkomandi ráðuneyti fyrir öðrum ráðuneytum áform um lagasetningu og frummat á áhrifum þeirrar leiðar sem fyrirhuguð er, m.a. mat á áhrifum á jafnrétti kynjanna, sbr. fyrirheit stjórnvalda í því efni. Kveðið er á um að opið samráð við almenning og hagsmunaaðila um stjórnarfrumvörp á vinnslustigi sé meginregla og eyðublöð og gátlistar hafa verið uppfærðir. Loks er sérstaklega tekið fram að ráðuneyti skuli láta koma skýrt fram í greinargerð með frumvörpum hvaða breytingar sé fyrirhugað að gera á gildandi lögum, með það fyrir augum að draga úr líkum á mistökum.

Breytingarnar endurspeglar þá staðreynd að vandaður undirbúningur er tímafrekur. Á móti kemur að sú vinna sem lögð er í áform um lagasetningu og frummat á áhrifum nýtist þegar kemur að samningu frumvarps. Einnig endurspeglar breytingarnar þann lærdóm að samráð skilar mestum árangri þegar það fer fram á fyrri stigum í stefnumótunarvinnu. Þá gerir breytt vinnulag fjármála- og efnahagsráðuneytinu og öðrum ráðuneytum kleift að koma að athugasemdum, til dæmis við mat á áhrifum, í tæka tíð, þ.e. þegar stefnumótun er ekki lokið og áður en samning frumvarps hefst.

Ljóst er að það mun taka nokkurn tíma fyrir nýtt verklag að festast í sessi. Meðal annars þess vegna er gert ráð fyrir undantekningum frá því að kynna áform áður en samning frumvarps hefst, t.d. þegar mál eru brýn. Forsætisráðuneytið mun hins vegar vekja athygli ríkisstjórnar á því ef reglunum hefur ekki verið fylgt eða ef rökstuðningur fyrir undantekningu vantar þegar frumvarp er lagt fram í ríkisstjórn.

## Almennt um starfið á 146. löggjafarþingi

Alls voru samþykkt 53 lög á 146. löggjafarþingi. Eru þá meðtalin tvö lög um veitingu ríkisborgararéttar, fjárlög, fjárukalög og lokafjárlög. Ef fjárlög, fjárukalög og lokafjárlög eru undanskilin þá voru samtals 37 af þessum 50 á grundvelli stjórnarfrumvarps, þar af 13 til innleiðingar á EES-reglum. Þingmannafrumvörp sem urðu að lögum voru 4 talsins og frumvörp nefnda 9. Þess má geta að af þingmannafrumvörpunum virðast 3 að einhverju marki samin í viðkomandi ráðuneyti og sama á við um 7 af samþykktum frumvörpum nefnda.

Af þessum 50 nýju lögum voru 7 heildarlög. Þar af voru 5 nýir lagabálkar á sviði fjármálamarkaðar, allt innleiðingarmál. Hin heildarlögin voru annars vegar um kjararáð sem leystu af hólmi eldri lög um sama efni og lög um farþegaflutninga og farmflutninga á landi.

Þegar þessi 50 lög eru skoðuð nánar kennir að sjálfsögðu ýmissa grasa. Mjög markverð lagasetning átti sér stað í lok árs 2016, eftir þingkosningarnar í október en áður en ný ríkisstjórn var mynduð. Er þar annars vegar um að ræða ný lög um kjararáð, nr. 130/2016, sem fækkar umtalsvert þeim sem heyra undir ráðið en athygli vekur að formenn allra flokka utan Pírata fluttu frumvarpið. Þá fólst í lögum nr. 127/2016 að A-deild LSR var breytt verulega. Hún var í raun felld undir almenna lífeyrissjóðakerfið en í staðinn greiðir ríkið verulegt framlag í sjóðinn til að brúa bil milli umframréttinda sem giltu um ríkisstarfsmenn og réttinda samkvæmt almenna kerfinu.

Önnur markverð lagasetning er lög nr. 56/2017, um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þar sem innleidd er skylda til jafnlaunavottunar hjá fyrirtækjum og stofnunum með 25 starfsmenn eða fleiri. Athugun þingnefndar beindist mjög að því hvernig ætti að tryggja að viðkomandi ÍST-staðall væri aðgengilegur almenningi.

Sum lög tengdust náð viðleitni stjórnvalda til að takast á við vaxandi ferðamannastraum. Þannig voru samþykktar breytingar á umferðarlögum, sbr. lög nr. 41/2017, sem heimila gjaldtöku á bílastæðum utan þéttbýlis. „Fjárhæð gjalds ... miðast við að standa straum af byggingarkostnaði, viðhaldi og rekstri stöðureita, þ.m.t. launum varða, og kostnaði við uppbyggingu, viðhald og rekstur þjónustu sem veitt er í tengslum við notkun stöðureita, svo sem salernisaðstöðu, og gerð og viðhaldi göngustíga og tenginga við önnur samgöngumannvirki“ segir í lögnum. Þá voru gerðar töluverðar breytingar á framkvæmdasjóði ferðamannastaða með lögum nr. 57/2017. Sjóðurinn mun framvegis styrkja verkefni á vegum einkaaðila og sveitarfélaga. Framkvæmdir sem eru á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum koma ekki til álita við úthlutun úr sjóðnum nema sérstaklega standi á. Þá voru m.a. gerðar breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. lög nr. 66/2017, sem heimila að fella niður starfsleyfi vegna heimagistingar og taka upp skráningarskyldu í staðinn. Sömuleiðis voru samþykktar breytingar á lögum um tekjuskatt, sbr. lög nr. 59/2017, sem undanþigga tekjur allt að 2 m.kr. á ári af heimagistingu skattlagningu eins og um atvinnurekstur væri að ræða.

Innleiðing EES-gerða á sviði fjármálamarkaðar setti svip sinn á 146. löggjafarþing. Fjármála- og efnahagsráðherra flutti 6 frumvörp í þessu skyni og eru það fyrstu frumvörpin til innleiðingar á endurskoðuðum reglum EES-svæðisins um fjármálamarkaðinn eftir að lausn fannst á því máli í samningaviðræðum ESB- og EFTA-ríkjanna þriggja. Öll frumvörpin urðu að lögum, þar af voru 5 ný heildarlög (um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, um lánsþæfismatsfyrirtæki, um skortsölu og skuldatryggingar, um váttryggingarsamstæður og um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum). Ljóst er að mörg fleiri frumvörp eiga eftir að koma fram til þess að ljúka innleiðingu á þessu margbrotna regluverki. Athygli vekur sú rækilega umfjöllun sem þessi frumvörp fengu í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eins og breytingartillögur við frumvarp til laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum bera vott um. Nefndin lagði þar meðal annars til ýmsar breytingar á frumvarpinu eftir samanburð við frumtextann í viðkomandi tilskipun.

Iðulega eru lög sett til að lagfæra atriði sem hefðu mátt betur fara við setningu eldri laga, framlengja bráðabirgðaákvæði vegna þess að ekki tókst að ljúka því sem til stóð innan tímamarka, árétta atriði sem ekki voru nægilega skýr eða hreinlega til að leiðrétta mistök. Svo virðist sem 12 lög frá síðasta löggjafarþingi sé hægt að fella í þennan flokk laga sem eru þess eðlis að hjá þeim hefði mátt komast ef nægilega hefði verið vandað til löggjafar og áætlanagerðar í upphafi. Afdrifaríkasta dæmið er lög nr. 9/2017 sem lagfæra mistök sem voru gerð nokkrum mánuðum áður við breytingu á lögum um almannatryggingar. Breytingarnar eru láttnar gilda afturvirktil til að reyna að afstýra því að bætur til tiltekinna hópa hækki verulega þvert á ætlun löggjafans.

## Tölulegar upplýsingar


Hér fara á eftir upplýsingar um:

- 1) afdrif frumvarpa á þingmálaskrá – sem sýnir vægi skrárinnar sem stjórnækis,
- 2) notkun sniðmáts fyrir stjórnarfrumvörp af hálfu ráðuneytanna – sem sparar vinnu við uppsetningu skjala og frágang,
- 3) tiltekin lagatæknileg atriði – sem ráðuneyti ættu að geta tileinkað sér með lestri handbóka og bæklinga,
- 4) athugasemdir í umsögnum skrifstofunnar – þegar einhver atriði standa út af þrátt fyrir óformleg samskipti í aðdraganda máls og
- 5) opið samráð á netinu – sem bæði stuðlar að auknum gæðum og gagnsæi.

Síðastnefnda samantektin nær til fyrri hluta árs 2017, nánar tiltekið til loka 146. löggjafarþings 1. júní sl., þar sem samantektir um opið samráð á netinu miða við almanaksár.

### Afdrif frumvarpa á þingmálaskrá

**Mynd 1.** Afdrif frumvarpa á þingmálaskrá 146. lögb. (2016–2017), öll ráðuneyti.



Í lok 146. löggjafarþings höfðu 64% (42%+22%) af frumvörpum á þingmálaskrá verið lögð fram (31+16=47 frv.) og þar af 42% (31 frv.) orðið að lögum. Benda má á að 146. löggjafarþing var sett 6. desember 2016 en þingmálaskrá var lögð fram í janúar 2017. Þannig voru 4 stjórnarfrumvörp samþykkt áður en þingmálaskrá var lögð fram, öll frá fjármála- og efnahagsráðherra. Samtals voru 73 frumvörp á þingmálaskrá í janúar 2017 (eitt þeirra var frumvarp til lokafjárlaga sem þarf ekki umsögn hjá FOR).

Til samanburðar skal þess getið að við lok 145. löggjafarþings höfðu 59% (þ.e. 45%+14%) af frumvörpum á upphaflegri þingmálaskrá verið lögð fram á Alþingi (65+20=85 frv.) og þar af höfðu 45% (65 frv.) orðið




að lögum. Þetta er mjög svipað hlutfall framlagningar af upphaflegri þingmálaskrá og á 144. löggjafarþingi.

Framangreint veitir vísbendingu um að enn megi gera betur við undirbúning þingmálaskrár til þess að hún geti talist fyllilega raunhæf áætlun um komandi löggjafarþing. Ákvæði í samþykkt ríkisstjórnar þess efnis að æskilegt sé að áform um lagasetningu séu kynnt áður en mál er tekið á þingmálaskrá ætti að stuðla að þessu. Jafnframt er ljóst að fjöldi frumvarpa og umfang löggjafar er ekki rétti mælikvarðinn á gæði eða árangur.

### Notkun sniðmáts fyrir stjórnarfrumvörp

**Mynd 2.** Notkun sniðmáts fyrir stjórnarfrumvörp við móttöku frumvarpa til yfirlstrar í forsætisráðuneyti – 146. lögb. (2016–2017), Stjórnarráðið í heild.



#### Skýring:

Myndin sýnir 63 frumvörp sem bárust til yfirlstrar í forsætisráðuneyti, skipt eftir því hvort notað hafði verið rétt sniðmát fyrir stjórnarfrumvörp. Tilgreindur er fjöldi frumvarpa í hvorum flokki og hlutfall þeirra af heild.


■ Notað rétt sniðmát; Notað sniðmát en einhverjir hnökrar. Nokkuð um að stílar hafi bæst við (sem getur verið í lagi) en stundum hafa fallið niður stílar sem FOR þarf að nota.

■ Ekki sniðmát en reynt hefur verið að aðlaga, t.d. með því að laga prentflöt og nota rétta leturstærð.

Talning af þessu tagi hefur verið gerð einu sinni áður, vegna 145. lögb., og þá voru 39% (47 frv.) ekki í sniðmáti. Sú niðurstaða gaf tilefni til úrbóta, enda sparar rétt notkun sniðmáts umtalsverða vinnu við uppsetningu og annan lokafrágang. Aukin áhersla á þetta atriði, umræða og tengill í fasahjálpi frumvarpsmáls, leiddi til algers viðsnúnings í þessu efni á 146. lögb., svo sem sést á mynd 2. Þannig voru 94% frumvarpa í sniðmáti en einungis 6% ekki. Best er að sniðmát fyrir stjórnarfrumvarp sé sótt hverju sinni á vef Alþingis eða Stjórnarráðsins.

### Lagatæknileg atriði við frágang stjórnarfrumvarpa

**Mynd 3.** Frágangur valinna lagatæknilegra atriða við móttöku frumvarpa til yfirlstrar í forsætisráðuneyti – 146. lögb. (2016–2017), Stjórnarráðið í heild.



#### Skýring:


Myndin sýnir 63 frumvörp sem bárust til yfirlstrar í forsætisráðuneyti, skipt eftir frágangi á lagatexta. Tilgreindur er fjöldi frumvarpa í hverjum flokki og hlutfall þeirra af heild. Skoðuð voru atriði tengd framsetningu og lagatækni, þ.e. atriði sem vörðuðu frávik frá hefðbundinni uppbyggingu lagatexta í frumvörpum eða framsetningu breytinga í breytingalagafrumvörpum. Ritvillur eða málfarslegar ábendingar voru ekki taldar og greinargerð var ekki skoðuð.

- Flokkar A og B+: 0–3 atriði lagfærð.
- Flokkar B og C: 4 o.fl. atriði lagfærð.

Talning af þessu tagi hefur verið gerð einu sinni áður, vegna 145. lögb., og þá voru 35% (41 frv.) í flokkum B og C. Ljóst er að enn er tilefni til úrbóta, enda er hlutfallið hið sama. Nánar tiltekið voru 35% (22 frv.) í flokkum B og C en 65% (41 frv.) í flokkum A og B+. Best er að höfundar breytingalagafrumvarpa nýti sér bæklinginn „Breytingalög, leiðbeiningar og dæmi“ á vef Alþingis eða Stjórnarráðsins.

### Athugasemdir í umsögnum

**Mynd 4.** Umsagnir skrifstofu löggjafarmála um stjórnarfrumvörp sem bárust til yfirlstrar í forsætisráðuneyti og voru ekki „afturkölluð“ eða felld niður af ráðuneytum áður en til umsagnar kom – 146. lögb. (2016–2017), Stjórnarráðið í heild.




Samtals voru gefnar 62 umsagnir. Engar athugasemdir voru gerðar í 28% tilvika (24 frv.). Á 145. löggjafarþingi var þetta hlutfall hins vegar 60% (68 frumvörp af 114). Efnislegar athugasemdir var því að finna í 72% tilvika og gat þá verið fleiri en ein athugasemd varðandi eitt frumvarp. Athugasemdir vörðuðu fyrst og fremst lög um opinber fjármál (35 frv., 36%) og að mál væri ekki á þingmálaskrá (10 frv., 14%).

Óhætt er að segja að framkvæmd laga um opinber fjármál þarfnist áframhaldandi þróunar. Margar athugasemdir lúta að því að frumvarp hafi verið lagt fram í ríkisstjórn án þess að fyrir lægi afstaða fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Í aðdraganda umsagnar er sendur svokallaður „undanfari“ að umsögn og leitast við að leysa úr málum svo að til athugasemda komi ekki í formlegri umsögn til ríkisstjórnar. Þá

ber þess að geta að svokölluð „flöggun“ um áhrif á atvinnulífið (4 frv., 6%) felur í sér vísun til áherslu ríkisstjórnar en ekki eiginlega athugasemd. Á 145. lögþ. var þetta hlutfall 30% og á 143. og 144. lögþ. var það nokkuð lægra.

### Samráð á netinu – á fyrri hluta árs 2017

**Mynd 5.** Stjórnarfrumvörp sem urðu að lögum á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2017, skipt eftir því hvort drög að þeim voru birt eða ekki birt á vef ráðuneyta og kostur gefinn á athugasemdum – Stjórnarráðið í heild.




Skoðuð voru lög sem samþykkt voru á Alþingi fyrri hluta árs 2017 (sbr. stjórnartíðindanúmer), þó ekki fjárlög, fjáráukalög og lokafjárlög. Sambærilegar talningar hafa verið unnar fyrir árin 2011–2016, upphaflega í tilefni af könnun OECD, og þá var hlutfall birtinga af þessu tagi á bilinu 11–50% (sjá m.a. á slóðinni <https://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/29302>). Ráðuneytin hafa því stóraukið samráð af þessum toga en svo virðist sem stefni í lakari árangur 2017 en þau 50% sem náðust 2016.

Áréttað skal að hér er einungis til skoðunar ein tegund samráðs, þ.e. opið samráð á netinu. Aðrar tegundir samráðs eru ekki til umfjöllunar, svo sem þegar tilteknum hagsmunaaðilum hefur verið boðið að taka þátt í starfi nefndar eða starfshóps sem síðan semur lagafrumvarp eða þegar drög að lagafrumvarpi hafa verið sérstaklega send tilteknum aðilum til umsagnar. Jafnframt fellur samráð á vegum Alþingis utan við umfjöllunarefnið hér. Þá var ekki litið til annarra stjórnarfrumvarpa en þeirra sem urðu að lögum.

### Frumvörp lögð fyrir Alþingi


**Mynd 6.**



Á 146. löggjafarþingi var lagt fram 131 frumvarp. Þar af voru stjórnarfrumvörp 60, eða tæp 46%, þingmenn lögðu fram 61 frumvarp og nefndir 10 frumvörp, þ.e. 8% framlagðra frumvarpa.

Til samanburðar skal þess getið að á 145. löggjafarþingi voru lögð fram 237 frumvörp. Þar af voru stjórnarfrumvörp 110, eða 46%. Nefndir lögðu fram 21 frumvarp, þ.e. 9%, og þingmenn 106 frumvörp, 45%.

Mynd 7.




Á 146. löggjafarþingi voru 53 frumvörp afgreidd sem lög frá Alþingi. Af þeim voru langflest stjórnarfrumvörp, 40 frumvörp, eða 75%.

Til samanburðar skal þess getið að á 145. löggjafarþingi voru 107 frumvörp afgreidd sem lög frá Alþingi. Langflest voru stjórnarfrumvörp, 84 frumvörp, eða 78%.

**Mynd 8.** Myndin sýnir hve mörg stjórnar-, þingmanna- og nefndarfrumvörp voru samþykkt og hlutfall þeirra í hverjum flokki. Af þeim 60 stjórnarfrumvörpum sem voru lögð fram á 146. löggjafarþingi voru 40 afgreidd sem lög, þ.e. 67%. Langflest nefndarfrumvörp sem lögð voru fram urðu að lögum, 9 frumvörp af 10, þ.e. 90%.

Til samanburðar skal þess getið að á 145. löggjafarþingi voru 84 af þeim 110 stjórnarfrumvörpum sem voru lögð fram afgreidd sem lög, þ.e. 76%. Langflest nefndarfrumvörp sem lögð voru fram urðu að lögum, 19 frumvörp af 21, þ.e. 90%.



## EES-frumvörp

Af þeim stjórnarfrumvörpum sem urðu að lögum á 146. löggjafarþingi eru 13 til að innleiða EES-gerðir, ýmist beint eða með heimild til að innleiða þær með reglugerð. Sambærileg tala fyrir 145. löggjafarþing var 15 frumvörp. Ekki er alltaf gott að sjá hvort frumvörp eru hrein innleiðingarfrumvörp, þ.e. endurspegli einungis þá EES-skuldbindingu sem við á eða innihaldi einnig aðrar breytingar, en innleiðing er meginefni frumvarpanna 13 þótt einhverju öðru kunni að hafa verið breytt samhliða. Í þremur frumvörpum er tilteknum reglugerðum ESB veitt lagagildi. Þá byggist eitt frumvarpið á tilskipun ESB sem ekki hefur verið tekin upp í EES-samninginn en vinna við það stendur yfir. Til viðbótar þessu eru þrjú frumvörp þar sem efnið varðar EES-samninginn en ekki er um innleiðingu að ræða, en þar er t.d. brugðist við athugasemdum ESA eða einhverju breytt til samræmis við þegar innleidda EES-gerð.

## Viðburðir, ráðstefnur og erlent samstarf

Fulltrúar skrifstofunnar sækja fundi í Regulatory Policy Committee hjá OECD tvisvar á ári. Á fundi 26.–27. apríl 2017 var einkum rætt um leiðbeiningar varðandi eftirlit með reglum og meginreglur um tilhögun samráðs við reglusetningu og framkvæmd reglna.

Hinn 21. mars 2017 kynntu fulltrúar skrifstofu löggjafarmála starfsemi skrifstofunnar á fundi í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. Rætt var um nýja ferla við undirbúning frumvarpa og sameiginlega ábyrgð ráðuneyta og Alþingis við að stuðla að vandaðri löggjöf.

Í byrjun maí fóru fjórir starfsmenn skrifstofu löggjafarmála, auk fulltrúa rekstrarfélags Stjórnarráðsins og skrifstofu Alþingis, í fræðsluferð til Kaupmannahafnar. Annars vegar var þar sótt tveggja daga „klarsprográðstefna“<sup>2</sup> og hins vegar var sótt heim þjóðþing Dana, Folketinget, og Lovkvalitetskontoret, skrifstofan í danska dómsmálaráðuneytinu þar sem stjórnarfrumvörp eru lesin yfir áður en þau eru lögð fram á þinginu. Þar var sérstaklega rætt um þingmálaskrá, samráð og mat á áhrifum auk þess sem skipulag yfirlestrar, samvinna við önnur ráðuneyti og lagatækni var á dagskránni. Í þinginu kynnti sendinefndin sér síðan feril þingmála, samstarf við ráðuneytin, samræmingu og tölvumál við vinnslu þingskjala.

Hinn 24. maí fundaði skrifstofustjóri með laganefnd Evrópuþingsins sem var í heimsókn hér á landi. Rætt var um gæði löggjafar og einföldun regluverks.

Þá funduðu fulltrúar skrifstofunnar með prófessor Inge Lorange Backer frá Noregi hinn 6. september 2017 en hann er að vinna að skýrslu fyrir Norrænu ráðherranefndina um löggjafarsamvinnu Norðurlanda og leiðir til að koma í veg fyrir óþarfar lagalegar og stjórnsýslulegar landamærahindranir.

---

<sup>2</sup> <https://dsn.dk/arrangementer/klarsprog-2017/konferenceforedrag>